



Stéttarfélag Vesturlands

Alþýðuhúsinu - Sæunnargötu 2a
310 Borgarnes
Sími: 430 0430 - Fax 430 0431
stettvest@stettvest.is
www.stettvest.is

Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64

220-Hafnarfjörður

Borgarnesi 4.03.2016

Trúnaðaráð ásamt trúnaðarmönnum Stéttarfélags Vesturlands samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 3. mars 2016:

Trúnaðarráð Stéttarfélags Vesturlands lýsir yfir fullum stuðningi við verkfallsaðgerðir félagsmanna í Verkalýðsfélaginu Hlíf í Hafnarfirði, sem beinast að útskipun á áli frá Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Framkoma forsvarsmanna fyrirtækisins sem ganga í störf hafnarverkamanna, er fyrirtækinu til háðungar. Stéttarfélag Vesturlands skorar á Samtök atvinnulífsins að knýja þetta aðildarfélag sitt til að ganga til samninga við verkalýðsfélögin sem samið hafa við fyrirtækið og forvera þess, um áratugaskeið.

Íslenskt verkafólk mun ekki sætta sig við að alþjóðlegur auðhringur á borð við Rio Tinto Alcan kollvarpi skipulagi á vinnumarkaðnum og það ættu Samtök Atvinnulífsins ekki heldur að gera.

Með baráttukveðjum,

fh Stéttarfélags Vesturlands

Signý Jóhannesdóttir

Signý Jóhannesdóttir

formaður

Ályktun þessi verður send til deiluaðila, fjölmiðla og annara er láta sig málið varða.